



Jarðgöngin eru um 7,17 km löng í bergi og heildarlengd vegskála er 320 m, samtals 7,5 km. Þversnið er samkvæmt norskum reglum og nefnist T9,5, breidd þess er um 9,5 m í veghæð, þverskurðarflatarmál 66,7m².

Fyrirhugaður gangamunni að vestan verður í landi Halllands á Svalbarðsströnd um 50 metrum til hliðar við núverandi Hringveg, rétt norðan Halllandsness. Munninn verður þar í ríflega 60 m hæð yfir sjó og er aðkoma úr suðvestri. Heildarlengd vegskála er um 320 m, 84 m Eyjafjarðarmegin og 224 m Fnjóskadals-megin. Í göngunum eru 14 útskot, þar af fjögur snúningsútskot. Inni í göngunum eru 4 steipt tæknirými og 2 við hlið vegskála. Göngin eru malbikuð með steiptum upphækkuðum öxlum.

Rafmagnsbúnaður og öryggisbúnaður er fjölbættur. Mest af búnaðinum er í 6 tæknirýmum meðal annars 6 spennistöðvar. Þar sem eru útskot eru neyðarsímar í símaklefum en á milli útskota eru þeir í skápum á veggjum. Símaskáparnir eru einu skáparnir sem festir eru á veggjanga, allir aðrir rafbúnaðarskápar eru í tæknirýmum.

Loftræsiblásarar, 1 m í þvermál, eru 20 og eru tveir og tveir saman á 4 svæðum við tæknirýmmin inni í göngum. Verkið nær ennfremur til lagningar um 1,2 km langs vegar í Eyjafirði ásamt hringtorgi og um 2,9 km vegkafla í Fnjóskadal, eða samtals um 4,1 km. Í lagningu vega er einnig innifalin gerð vegtenginga á báðum stöðum. Fyllt verður yfir mest allt athafnasvæði verktaka Eyjafjarðarmegin og landið hækkað. Loks á að flytja afgangsfni í flughlað Akureyrarflugvallar.

Verkkaupi

[Vaðlaheiðargöng hf](#)

Upphaf framkvæmda

Febrúar 2013

Lagnir og loftræsikerfi

[VSB Verkfræðistofa](#)

Raflagnahönnun

[VSB Verkfræðistofa](#)

Arkitektar

[THG arkitektar og úti inni arkitektar](#)

Lok framkvæmda

Október 2019

Burðarþolshönnun

[VSB Verkfræðistofa](#)

Eftirlit